56 frá Torfalæk að kauptúninu Blönduósi, þar sem hreppsnefndin hefur með samþykki
14. apríl. sýslunefndarinnar keypt hús í því skyni að þar verði framvegis haldin manntalsþing og hinir venjulegu fundir hreppsins. Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til frekari birtingar, að jeg samkvæmt tillögum yðar veiti hjermeð hið umbeðna leyfi.

57 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um skiln-**
16. apríl. **ing á ráðgjafabrjefi 27. júní 1888.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að staðfestingar yðar hafi fyrir skemmstu verið leitað á fiskiveiðasamþykkt nokkurri, sem fer fram á útilokun aðkomandi fiskimanna, og hafi yður borizt skýrslur um það, að verstöð sú, sem ætlað er til að samþykktin gildi fyrir, hafi síðustu 4 ár verið ofsett af fiskimönnum, þannig að alls 483 bátar, er Færeyingar áttu þriðjunginn af, með 868600 önglum á línu, hafi á síðustu 4 árum gengið til fiskjar á svæði, sem er talið um hálfa □ mílu á stærð.

Útaf þessu hafið þjer látið í ljósi, að yður sje ekki full-ljóst hvernig skilja beri fyrirmæli brjefs stjórnarráðsins 27. júní 1888 (Stjtíð. 1888, B. bls. 105—106), þar sem því er bætt við eptir fyrirmæli brjefsins um, að útilokun aðkomandi fiskimanna beri ekki að leyfa nema þar, sem hún vegna fiskiveiða manna á staðnum verði að álítast nauðsynleg: «að þannig beri ekki að staðfesta neina samþykkt, sem inniheldur slíka útilokun, nema amtmanni sje með áreiðanlegum skýrslum sannað, að ekki sje á annan hátt hægt að vernda fiskiveiðar þarsveitarmanna». Tjáist þjer ekki geta hugsað yður annan veg til þess að vernda fiskiveiðar manna, þar sem veiðistöðin fyllist svo um of af aðsókn aðkomandi fiskimanna, að «þarsveitamenn» geta ekki stundað atvinnu sína eins og þeir vilja, heldur en þann einn að útiloka hina aðkomandi fiskimenn; en á hinn bóginn virðist yður hin tilfærðu orð úr nefndu stjórnarbrjefi benda til þess, að vernda megi fiskiveiðarnar með einhverju öðru móti.

Þjer hafið því beiðst leiðbeiningar um, hvernig eigi að skilja hin áðurgreindu orð í ráðgjafabrjefinu, sem sje um það, hverjir aðrir vegir gætu verið til þess að veita fiskiveiðum manna, er byggja við þröngva og litla firði, nauðsynlega vernd gagnvart aðsókn aðkomandi manna í verstöðina.

Útaf þessu skal jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, að það er álit mitt, að hin tilfærðu og ofanumræddu orð í hinu tilvitnaða ráðgjafabrjefi eigi ekki við neina sjerstaka verndunaraðferð, er átt geti við á öllum veiðistöðvum, heldur sje með þeim að eins gefið til kynna, að svo framarlega sem einhver önnur aðferð yrði álitin nægilega verndandi á vissum veiðistöðvum, þá beri heldur að nota hana, heldur en grípa til útilokunarinnar, sem þykir örþrifsráð, og verður því amtmaðurinn í hverju einstöku tilfelli að athuga ástand og tilháttan alla, og dæma um, hvort það er nægilega upplýst um hvern einstakan stað, er farið er fram á útilokun fyrir, að sá vegur sje nauðsynlegur til þess að veita þarsveitarmönnum nægilega vernd.

58 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um fyrir-**
23. apríl **fram-greiðslu kostnaðar við flutning þurfamanna.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. febrúar síðastl. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að ágreiningur væri milli sýslumannsins í Húnavatnssýslu og einnar hreppsnefndar þar í sýslunni útaf því, að